

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hlíf Sigurjónsdóttir  
fiðluleikari  
og  
Símon H. Ívarsson  
gítarleikari



Kaffistofa safnsins verður opin að tónleikunum loknum

Þriðjudaginn 20. júlí 1993 kl 20:30

**Hlíf Sigurjónsdóttir** lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík þar sem hún var nemandi Björns Ólafssonar. Framhaldsnám stundaði hún við háskólana í Indiana í Bandaríkjunum og í Toronto í Kanada. Að því loknu bauðst henni að dveljast sem styrkþegi í tvö ár við Listaskólann í Banff í Alberta fylki í Kanada. Hlíf hefur starfað sem fiðluleikari í Þýskalandi, Sviss og hér heima. Hún hefur kennt við Tónlistarskóla Ísafjarðar og við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar.

**Símon H. Ívarson** lauk fullnaðarprófi frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og var kennari hans þar Gunnar H. Jónsson. Hélt hann þá til Vínarborgar, stundaði nám við Tónlistarháskólann þar og lauk einleikarprófi vorið 1980. Síðan þá hefur hann starfað í Sviss, Austurríki, Svíþjóð og nú heima á Íslandi, en hann kennir gítarleik við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Hann hefur farið margar tónleikaferðir um Ísland og oft komið fram í sjónvarpi og útvarpi, meðal annars stjórnað útvarpsþáttum um gítar og gítartónlist. Símon hefur sérhæft sig í flamencotónlist og hefur leikið inn á hljómplötu og geisladisk.

### *Efnisskrá*

E. Granados (1867 - 1908)	Danse Espagnole nr. 5 Intermezzo
P. de Sarasate (1844 - 1908)	Romanza Andaluza op. 22
Flamenco - útsett af Símoni H. Ívarssyni	Granadina Rumba gitana
Manuel de Falla (1876 - 1946)	Dans malarans úr ballettinum „Þríhyrnti hatturinn“ Danse Espagnole úr ballettinum „Hið stutta líf“
I. Albeniz (1860 - 1909)	Tango ópus 165 nr. 2 Sevilla, 2. þáttur úr „Suite Espagnole“
P. de Sarasate	Fantasía um óperuna Carmen eftir Bizet allegro moderato moderato lento assai allegro moderato moderato